

Fundargerð

1. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 4. júlí 2003 kl. 10.00 – 12.00

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eypórsdóttir, Ríkharð Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Jón Viðar Jónmundsson.

Fjarverandi: Ævar Petersen (boðaði forföll)

Mættir varamenn:

Þorsteinn Tómasson, Hólmgeir Björnsson, Magnús B. Jónsson, Magnús Jóhannsson, Sigurður H. Magnússon

Fjarverandi: Þröstur Eysteinnsson, Ágúst Sigurðsson (boðaði forföll).

Magnús B. Jónsson og Sigurður H. Magnússon fóru af fundi eftir umræður um 6. dagskrárlíð.

1. Samþykkt dagskrár

Formaður kynnti dagskrá sem send hafði verið út og bað Emmu að rita fundargerð.

2. Aðdragandi að skipan nefndarinnar og kynning á nefndarmönnum.

Formaður fór yfir aðdraganda að skipan nefndarinnar. Tillaga til breytinga á lagagrein um erfðanefnd var unnin af sérstakri nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði 9. febrúar 2001. Frumvarp var lagt fram á Alþingi veturinn 2001-2002 og afgreitt á næsta þingi á eftir í mars 2003. Formaður fór yfir skipan nefndarinnar og verkefni hennar og nefndarmenn kynntu sig.

3. Mótun starfs nefndarinnar og samning reglugerðar

Rætt um verksvið nefndarinnar og vinnulag við verkefni framundan. Formaður lagði fram tillögu um að tveir nefndarmenn auk formanns tækju að sér að semja tillögur að reglugerð fyrir erfðanefnd landbúnaðarins og lagði fram vinnuþlagg með reglugerðardrögum sem nefnd Lbr. frá 9. febr. 2001 var byrjuð að móta.

Bókun:

Samþykkt var að fela formanni að hafa samband við landbúnaðarráðuneytið og óska eftir því að vinna við setningu reglugerðar geti hafist. Í framhaldi af því muni formaður hafa forgöngu um áframhaldandi vinnu sem verður sameiginlegt verkefni nefndarinnar allrar.

4. Fjárhagsleg staða nefndarinnar

Formaður lagði fram bréf frá landbúnaðarráðuneytinu þar sem fram kom að framlög ríkisins til verndunar búfjárstofna samkvæmt búnaðarsamningi skuli framvegis ganga til verkefna á vegum erfðanefndar landbúnaðarins. Árlegt framlag er kr. 3000 þús. samkvæmt samningnum og auk þess er afgangur af fjárveitingu síðasta árs kr. 1860 þús. Til ráðstöfunar eru því kr. 4.860 þús. á árinu 2003. Árlega er greiddur stofnverndarstyrkur til geitfjáreigenda sem tekinn er af þessum lið og nam sú upphæð u.þ.b. 1 milljón kr. árið 2002.

Bókun:

Formanni er falið að vinna drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2003 í ljósi þeirra fjármuna sem nefndin hefur til ráðstöfunar. (Sjá einnig lið 5)

5. Afgreiðsla umsókna um stuðning frá nefndinni.

Fyrir lágu tvær umsóknir um styrki frá nefndinni:

- Umsókn um námsstyrk vegna B. Sc. 120 verkefnis við LBH um skýrsluhald og ræktunaráætlun fyrir forystufé, frá Sigríði Jóhannesdóttur. Upphæð kr. 500 þús.
- Umsókn um styrk til að koma á fót framleiðslu geitamjólkur, frá Jóhönnu Þorvaldsdóttur í samvinnu við Eirík Blöndal hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Upphæð kr. 1300 þús.

Emma gerði stutta grein fyrir tilurð beggja verkefnanna og gildi þeirra með tilliti til áframhaldandi verndunar forystufjár og geitastofnsins.

Bókun:

Nefndin leggur til að Sigríði Jóhannesdóttur verði veittur umbeðinn styrkur að upphæð kr. 500 þús. Veittur verði styrkur að upphæð kr. 600 þús. til verkefnis um framleiðslu geitamjólkur að undangengnu samráði við Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sem einnig var sótt um stuðning til. Formanni er falið að móta vinnureglur um greiðslu styrkjanna.

6. Skýrsla Íslands til FAO um erfðaauðlindir búfjár.

Emma skýrði frá aðdraganda skýrslunnar, sem unnin er að beiðni FAO. Skýrslan er unnin af ritnefnd sem skipuð var af landbúnaðarráðuneytinu í janúar 2003 og í henni eru Emma Eyþórsdóttir, Jón Viðar Jónmundsson og Ólafur R. Dýrmundsson. Skýrslan var send til umsagnar til fjölda aðila í maí. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands var dreift á fundinum, en það var eina umsögnin sem tók til efnisatriða í skýrslunni. Fram kom að athugasemd N.Í. vegna umfjöllunar um æðarfugl og hreindýr hefur verið tekin til greina af skýrsluhöfundum.

Bókun:

Nefndin gerir ekki athugasemdir við innihald skýrslunnar með áorðnum breytingum og mælir með því við landbúnaðarráðuneytið að það fái skýrsluna þýdda og að hún verði send sem framlag Íslands til FAO hið allra fyrsta. Nefndin leggur jafnframt til að ráðuneytið hlutist til um að íslenska útgáfan verði gefin út hérlendis og að í þeirri útgáfu verði einnig fjallað um ferskvatnsfiska.

7. Alþjóðlegt samstarf

Formaður gerði stutta grein fyrir hinum ýmsu samstarfsaðilum, bæði norrænum og alþjóðlegum sem vinna að málum á sviði erfðalinda í landbúnaði. Margir nefndarmenn tengjast þessu starfi beint með setu í stjórnnum og nefndum. Málefnið er nokkuð umfangsmikið og lagði formaður til að kynning á alþjóðlegu starfi yrði tekin sérstaklega fyrir síðar á árinu, gjarnan í tengslum við almenna kynningu á málaflokknum hér á landi.

Bókun:

Nefndin telur rétt að standa fyrir markvissri kynningu á alþjóðlegu starfi er varðar erfðalindir í landbúnaði og leggur til að málið verði sérstaklega tekið fyrir síðar.

8. Önnur mál

- a) Formaður lagði fram afrit af nýsettum bráðabirgðalögum um innflutning ferskvatnsfiska og lýsti eftir skoðunum nefndarmanna á mögulegri aðkomu erfðanefndar að málinu.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

- b) Fyrirkomulag greiðslna vegna ferðakostnaðar og fundarsetu.

Formanni var falið að kanna málið hjá landbúnaðarráðuneyti.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá **12. sept. n.k. kl. 9.30**. Nefndin er sammála um að bæði aðalmenn og varamenn taki virkan þátt í starfi nefndarinnar við mótun starfsins í upphafi og verða því allir boðaðir á næsta fund.